

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2024, miðvikudaginn 20. mars var haldinn 422. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:10.

Mættir: Þorvaldur Danielsson formaður, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ og Valdimar Birgisson varamaður fyrir Sævar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs, Einar K Stefánsson verkefnastjóri um framkvæmdir á skíðasvæðum, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Skíðagöngufélagsins Ullar ódags. með ósk um stuðning vegna skála félagsins og kostnað við færslu á salernishúsi.

Framkvæmdastjóra SSH og sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs falið að koma með tillögu fyrir næsta fund.

Ari Wendel frá Skíðagöngufélaginu Ulli situr fundinn undir þessum lið.

- kl 08:20 tekur Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði sæti á fundinum.

- Lagt fram minnisblað Einars K. Stefánssonar verkefnisstjóra framkvæmda á skíðasvæðum dags. 19. feb. 2024 vegna salernis og skála Ullar í Bláfjöllum.

- Lögð fram innviðagreining Einars K. Stefánssonar verkefnisstjóra framkvæmda á skíðasvæðum dags. 8. janúar 2024 á Skíðasvæðinu Skálafelli.

Verkefnahóp um framkvæmdir á skíðasvæðum falið að hefja áætlanagerð, sér í lagi er varða grunnforsendur uppbyggingarinnar.

- Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 18. mars 2024 um stöðuna í fjöllum.

Fundi slitið kl. 10:00

Þorvaldur Danielsson

Bjarni Theódór Bjarnason
Valdimar Birgisson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Andri Steinn Hilmarsson